

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 18. maí 2010 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Guðjón Ebbs Guðjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningar sveitarsjóðs og stofnana 2009

- a) Fyrir fundinum lá endurskoðunarbréf Davíðs Búa Halldórssonar endurskoðanda sveitarfélagsins. Í bréfinu eru gerðar ýmsar samantektir og gerður samanburður milli ára. Einnig er í bréfinu fjallað um fjármál og stöðu sveitarsjóðs almennt sem og tekið á sérstökum umfjöllunarefnum. Ekki voru gerðar athugasemdir við endurskoðunarbréfið.
- b) Fyrir fundinum lá bréf kjörinna endurskoðenda þar sem gerð er grein fyrir athugun þeirra á bókhaldsgögnum sveitarfélagsins. Ekki voru gerðar athugasemdir við bréf kjörinna endurskoðenda.
- c) Ársreikningur
Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og B hluta stofnana til síðari umræðu. Við fyrri umræðu 10. maí sl. voru bókaðar helstu niðurstöður ársreikningsins. Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi ársreikning en samþykkti hann síðan og áritaði.

2. Bréf:

- a. Samtaka dragnótamanna, ódagsett.

Með bréfinu hvetja samtökin umsagnaraðila um takmarkanir á veiðum með dragnót að gæta réttis og sannmælis þegar þeir veita umsögn um fyrirætlun ráðuneytisins. Þá er í bréfinu rakin helstu rök samtakanna gegn fyrirhuguðum takmörkunum á veiðum með dragnót. Bréfið var til kynningar.

- b. Styrktarsjóðs EBÍ, dags. 6. maí 2010

Með bréfinu er gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu stjórnar EBÍ að óska ekki eftir umsóknum í styrktarsjóð heldur myndi stjórnin verja úthlutunarfé hans til brýnna verkefna í sveitarfélögum. Sérstaklega er horft til þeirra hamfara sem hafa orðið í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli. Bréfið var til kynningar.

3. Fundargerðir:

- a) Tólmstunda- og menningarmálanefndar, 12.05.2010
Fundargerðin var samþykkt

- b) Fræðslunefndar, 17.05.2010
Fundargerðin var samþykkt með fyrirvara um 2. dagskrárlið þar sem óskað var frekari upplýsinga.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Meðfylgjandi fundargerðinni var erindi skólastjóra til sveitarstjórnar sem óskar eftir hækkun á liðnum „námskeiðsgjöld“ um 300.000 til að standa undir náms- og kynnisferð starfsmanna skólans til Kanada.

Erindið var samþykkt.

c) Stjórnar SSSNV, 21.04.2010

Fundargerðin var til kynningar

d) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 7.05.2010

Fundargerðin var til kynningar

4. Önnur mál

- a) Adolf vakti máls á hvort ekki sé rétt að láta reyna á skólaakstur í FNV á Sauðárkróki. Samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að kanna vilja nágrannasveitarfélaganna.
- b) Sveitarstjóri lagði fram kostnaðarmat á malbikun Bogabrautar. Samþykkt að láta leggja yfir götuna í sumar.
- c) Oddviti vakti máls á að líklega sé þetta síðasti fundur þessarar sveitarstjórnar og þakkaði samstarfið á kjörtímabilinu.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 09¹⁵

Adolf H. Berndsen,

Birna Sveinsdóttir,

Halldór G. Ólafsson,

Sigríður Gestsdóttir,

Guðjón Ebbi Guðjónsson

Magnús B. Jónsson